

Mikilvægi hreinlætis við kviðskilun

Sýkingar eru einn af áhættuþáttum kviðskilunarmeðferðar. Hjá sjúklingum í kviðskilun eru nátturlegar varnir líkamans gegn sýkingum rofnar þegar kviðskilunarleggnum er komið fyrir og það eykur hættu á að sýklar berist inn í kviðarholið. Hreinlæti í allri umgengni við kviðskilunarlegg og við pokaskipti er mikilvægasta sýkingavörnin.

Sýklar eru örsmáar lífverur og aðeins sýnilegir í smásjá. Þeir eru eðlilegur hluti af mannlíkamanum og öllu umhverfi okkar. Þessir sýklar eru alla jafna óskaðlegir en komist þeir á staði þar sem þeir eru ekki hluti af eðlilegu umhverfi geta þeir náð að fjölga sér um of og valdið sýkingu. Þannig geta sýklar sem venjulega lifa á húðinni valdið sýkingu ef þeir komast t.d. í blóð eða kviðarhol.



Hreint og dauðhreinsað í kviðskilun

Dauðhreinsað (sterile) þýðir að engir sýklar eru til staðar. Hjá heilbrigðu fólki eru kviðarhol og blóð sýklalaus. Þess vegna þarf að dauðhreinsa ýmis áhöld og efni sem notuð eru við inngrip, t.d. nálar, kviðskilunarleggi, innrennslisvökva og kviðskilunarvökva.

Þegar umbúðir utan af dauðhreinsuðum hlutum eru rofnar haldast þeir ekki dauðhreinsaðir í langan tíma. Líkamssvæði og áhöld sem eru opin og óvarin safna á sig sýklum. Dauðhreinsaður hlutur mengast ef hann kemst í snertingu við hlut sem er ekki dauðhreinsaður eða er óvarinn lengi. Þannig er nálar-oddur ekki lengur dauðhreinsaður ef hann snertir hliðar lyfjaglass.



Hreint þýðir að hlutur eða líkamssvæði hefur verið hitað eða þvegið með vatni og sápu til að útrýma að mestu sýklum á yfirborðinu. Það sama á sér stað þegar hlutur eða líkamssvæði er þvegið með sótthreinsandi efni. Þannig eru hendur hreinar þegar þær hafa verið þvegnar með vatni og sápu eða handspritti. Borðplatan er líka hrein þegar hún hefur verið þvegin með vatni og sápu eða spritti. Hluturinn eða líkamssvæðið verður með tímanum óhreint vegna stöðugar snertingar við umhverfið.

Samskeytin á kviðskilunarslöngunni og slöngunni frá skilvökvapokunum eru dauðhreinsuð. Innra byrðið á

tappanum, sem hafður er á kviðskilunarslöngunni milli skiptinga, er þakið joði og því dauðhreinsað líka. Mikilvægt er að gæta þess að snerta ekki þessi svæði þegar skipt er um poka. Ef varúðar er ekki gætt geta sýklar borist inn í kviðarholið og valdið lífhimnubólgu.

Við pokaskipti er mikilvægt að fylgja leiðbeiningum sem kenndar eru um hrein vinnubrögð og passa að menga ekki dauðhreinsuð samskeytin.

Þegar búið er að fjarlægja hlífðarhettuna af skífunni verður að gæta þess að snerta ekki stútinn. Ef slíkt gerist á að henda pokunum, hita nýjan og hefja pokaskiptin upp á nýtt.

Snerti endi kviðskilunarslöngunnar eitthvað, eftir að tappinn hefur verið tekinn af honum, skal hætta við pokaskiptinguna og skrófa nýjan tappa á kviðskilunarslönguna. Tappinn er látinn vera á slöngunni í 10 mínútur svo joðið í tappanum nái að virka og hreinsa endann. Byrja síðan pokaskiptinguna upp á nýtt.

Láttu hjúkrunarfræðing á skilunardeild vita af óhappi af þessu tagi. Ef þetta gerist utan venjulegs opnunartíma skal hafa samband þegar deildin opnar.

Símanúmer

Skilunardeild: Opið kl. 8 – 20 mánudaga til föstudaga og kl. 8 – 16 um helgar, s. 543 6310 / 6315

Skiptiborð Landspítala: Opið allan sólarhringinn, s. 543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.